

## **Reglur um starfsþjálfunarleyfi**

Samþykktar á fundi framkvæmdastjórnar 28. febrúar 2007

Fastráðnir starfsmenn Háskólans á Akureyri sem ekki hafa rannsóknaskyldu og starfað hafa við háskólann í fjögur ár hið minnsta geta sótt um leyfi til starfsþjálfunar í allt að tvo mánuði.

Umsókn um starfsþjálfunarleyfi skal berast yfirmanni viðkomandi deildar eða sviðs fyrir 1. júlí hvert ár vegna leyfis á næstkomandi ári, þannig að taka megi tillit til þess við áætlanagerð.

Rektor tekur ákvörðun um hvort leyfið verður veitt að fenginni umsögn framkvæmdastjóra og yfirmanns viðkomandi sviðs.

Heimilt er einnig að greiða ferða- og dvalarkostnað samkvæmt reglum ferðakostnaðarnefndar vegna starfsþjálfunar. Er þá miðað við sambærilegar reglur og gilda vegna rannsóknaleyfa þannig að greiddir eru fullir þjálfunardagpeningar í einn mánuð, en heimilt er að greiða skerta dagpeninga þann tíma sem leyfið stendur umfram einn mánuð.

Að jafnaði skal ekki veita starfsþjálfunarleyfi í lengri tíma en 3 mánuði samfellt.

(Dæmi: Starfsmaður sem starfað hefur í sex ár fær leyfi í þrjá mánuði. Dagpeningar eru þá greiddir í einn mánuð óskertir en 25% dagpeningar í tvo mánuði).